


Íslandsbanki


Afkoma á fyrsta ársfjórðungi 2012

- Hagnaður eftir skatta var 5,6 milljarðar samanborið við 3,6 milljarða á fyrsta ársfjórðungi 2011.
- Hagnaður eftir skatta af reglulegri starfsemi, þ.e. hagnaður eftir frádrátt einskjapísknaðar, s.s. hreinnar virðisbreytingar á lánabókinni, gangvirðisbreytinga vegna breyttra reikningsskilaaðferða, kostnaðar sem tengist sameiningunni við Byr og virðisrýrnunar viðskiptavildar, og nettó hagnaðar vegna aflagðrar starfsemi, var 4,8 milljarðar á fjórðungnum, samanborið 3,8 milljarða á sama tímabili í fyrra og 13,9 milljarða fyrir allt árið 2011.
- Nettó gjaldfærsla vegna endurmats lánasafnsins nam 1,5 milljarði á fjórðungnum, samanborið við gjaldfærslu upp á 664 milljónir á sama tímabili í fyrra.
- Arðsemi eigin fjár eftir skatta á tímabilinu var 17,7% á ársgrundvelli, samanborið við 11,7% á fyrsta ársfjórðungi 2011. Arðsemi tímabilsins af reglulegri starfsemi var 15,1% á fjórðungnum, samanborið við 12,4% sama tímabili árið 2011.
- Um 18.200 einstaklingar og um 3.000 fyrirtæki hafa fengið afskriftir, eftirgjafir eða leiðréttingar á skuldum frá stofnun bankans sem nemur um 370 milljörðum króna.
- Heildareignir við lok fjórðungsins námu 792,4 milljörðum, samanborið við 795,9 milljarða í árslok 2011.
- Heildarinnlán við lok fjórðungsins námu 509,3 milljörðum, samanborið við 525,8 milljarða í árslok 2011.
- Vaxtamunur á fjórðungnum var 4,4%, samanborið við 4,5% fyrir árið 2011.
- Tveir nýir flokkar sértryggðra skuldabréf voru seldir til breiðs hóps fagfjárfesta í mars að heildarfjárhæð 3,3 milljarðar króna.
- Eigið fé nam 129,4 milljörðum í lok tímabilsins og hækkaði um 5% á ársfjórðungnum. Eiginfjárlutfall var 23,3% í lok tímabilsins, sem er töluvert umfram það 16% lágmark sem FME setur bankanum.

HAGNAÐUR ISKrn



ARÐSEMI EIGIN FJÁR %



Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka

“Íslandsbanki kemur sterkur út úr fyrsta ársfjórðungi 2012. Eigið fé bankans er vel yfir lágmarks kröfum eftirlitsaðila og hagnaður af reglulegri starfsemi hefur styrkst. Þessi ársfjórðungur verður ávallt merkilegur í sögu bankans en þá lauk sameiningu Íslandsbanka og Byrs. Ég er afar stolt af starfsfólki bankans og þeirri elju og jákvæðni sem það sýndi í því mikla verkefni.

Í febrúar féll enn einn gengislánadómurinn sem tefur fjárhagslega endurskipulagningu. Það kemur sér illa fyrir viðskiptavinum, bankann og samfélagið í heild en því miður mun, að öllum líkindum, ekki liggja fyrir fyrr en í haust hvernig beri að túlka dóminn.

Við fundum fyrir aukinni útlánaeftirspurn ársfjórðungnum. Sérstaklega sjáum við vöxt hjá Ergo, fjármögnunarþjónustu Íslandsbanka. Þetta gefur til kynna að fyrirtæki eru byrjuð að taka varfærin skref í fjárfestingum. Við sjáum þó greinilega að sjávarútvegur og fyrirtæki í tengdri starfsemi halda að sér höndum og eru ekki að ráðast í nýjar fjárfestingar á meðan óvissa ríkir um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða og starfsumhverfi greinarinnar.

Þá hafa viðtökur fjárfesta við sértryggðum skuldabréfum bankans verið góðar og voru tveir flokkar nýlega stækkaðir. Þetta eykur fjölbreytni í fjármögnun bankans sem gerir okkur kleift að veita viðskiptavinum okkar góð kjör.“

Nánari upplýsingar veita:

- Fjárfestatengill - Tinna Molphy, tinna.molphy@islandsbanki.is og í síma: 440 3187.
- Upplýsingafulltrúi – Guðný Helga Herbertsdóttir, gudny.helga.herbertsdottir@islandsbanki.is og í síma 440 3678.

Helstu tölur	31.03.12	31.12.11
	ISKbn	ISKbn
Heildareignir	792	796
Heildarútlán	584	608
Heildarinnlán	509	526
Eigið fé	129	124
Vaxtamunur	4,4%	4,5%
Innlánahlutfall	87%	77%
Eiginfjárlutfall A (T1)	19,7%	19,1%
Eiginfjárlutfall B	23,3%	22,6%
Stöðugildi móðurf., #	1.075	1.003
Stöðugildi samstæða, #	1.404	1.344

Helstu tölur	1Q2012	1Q2011
	ISKbn	ISKbn
Arðsemi eigin fjár	17,7%	11,7%
Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi	15,1%	12,4%
Hagnaður eftir skatta	5,6	3,6
Hagnaður af reglul.starfsemi	4,8	3,8
Kostnaðarhlutfall	60,7%	52,9%

REKSTRARREIKNINGUR


ISK m	1F12	4F11	3F11	2F11	1F11	2011	2010
Hreinar vaxtatekjur	8.688	7.074	7.847	8.242	8.061	31.225	34.874
Virðisbreyting útlána og krafna	-1.544	-465	-577	409	-664	-1.296	14.507
Almennt virðisrýrnun	-121	64	167	16	-171	76	-514
Hreinar vaxtatekjur eftir virðisbreytingar	7.023	6.673	7.437	8.668	7.226	30.004	48.867
Hreinar þóknatekjur	2.102	1.600	1.354	1.297	1.715	5.966	7.380
Hreinn gengishagnaður (tap)	1.104	529	71	135	202	937	-910
Hreinar fjármunatekjur (gjöld)	1.323	2.986	131	-330	-138	2.649	-963
Aðrar rekstrartekjur	295	-74	312	297	359	894	1.186
Rekstrartekjur samtals	11.846	11.714	9.306	10.066	9.364	40.450	55.560
Laun og launatengd gjöld	-3.285	-3.422	-2.140	-2.476	-2.492	-10.531	-9.207
Annar rekstrarkostnaður	-2.937	-20.569	-2.238	-2.194	-2.211	-9.339	-8.659
Iðgjald í Tryggingarsjóð innistæðueigenda og fjárfesta	-325	-281	-252	35	-467	-965	-607
Rekstrarkostnaður samtals	-6.547	-24.272	-4.630	-4.636	-5.170	-20.835	-18.473
Virðisrýrnun viðskiptavildar	0	-17.873	0	0	0	-17.873	0
Áhrif hlutdeildarféлага	0	39	0	0	0	39	0
Hagnaður fyrir skatta	5.300	-12.519	4.676	5.431	4.194	1.781	37.087
Skattar	-1.659	2.849	-1.195	-1.491	-920	-757	-7.435
Hagnaður (tap) af aflagðri starfsemi	1.965	190	-198	538	312	841	-283
Hagnaður ársins	5.605	-9.480	3.283	4.478	3.586	1.866	29.369
Hagnaður af reglulegri starfssemi	4.783	n/a	n/a	n/a	3.805	13.905	17.756

Hagnaður af reglulegri starfsemi er skilgreind sem hagnaður eftir frádrátt einkiptiskostnaðar, s.s. hreinnar virðisbreytingar á lánabókinni, gangvirðisbreytinga vegna breyttra reikningsskilaaðferða, kostnaðar sem tengist sameiningunni við Byr og virðisrýrnunar viðskiptavildar, og nettó hagnaður vegna aflagðrar starfsemi.


HAGNAÐUR

- Hagnaður eftir skatta var 5.605 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi 2012, samanborið við 3.586 milljónir yfir sama tímabil í fyrra. Þetta samsvarar arðsemi eigin fjár upp á 17,7%, samanborið við 11,7% á 1Q11.
- Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 4.783 milljónum króna og samsvarandi arðsemi eigin fjár 15,1%. Til samanburðar var hagnaður af reglulegri starfsemi 3.805 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi 2011, sem samsvarar arðsemi eigin fjár upp á 12,4%.
- Hagnaður af reglulegri starfsemi er skilgreind sem hagnaður eftir frádrátt einkiptiskostnaðar, s.s. hreinnar virðisbreytingar á lánabókinni, gangvirðisbreytinga vegna breyttra reikningsskilaaðferða, kostnaðar sem tengist sameiningunni við Byr og virðisrýrnunar viðskiptavildar, og nettó hagnaður vegna aflagðrar starfsemi.

HREINAR VAXTATEKJUR ISKm



HREINAR ÞÓKNATEKJUR ISKm



TEKJUR

- Hreinar vaxtatekjur á fjórðungnum námu 8.688 milljónum króna, samanborið við 8.061 milljón á sama tímabili í fyrra. Vaxtamunur, reiknaður sem hlutfall af meðaltali heildareigna, var 4,4% á tímabilinu, samanborið við 4,5% fyrir árið 2011.
- Hreinar þóknatekjur námu 2.102 milljónum, samanborið við 1.715 milljónum fyrir sama tímabil árið 2011 sem er 23% hækkun milli tímabila.
- Bankinn hefur lagt áherslu á stöðugar grunntekjur. Á fyrsta ársfjórðungi 2012 halda grunntekjustoðir áfram að skapa stóran meirihluta af rekstrartekjum, en yfir 90% af rekstrartekjum bankans koma frá hreinum vaxtatekjum og hreinum þóknatekjum.

REKSTRARREIKNINGUR – frh.

- Hreinn gjaldeyrishagnaður tímabilsins, sem skýrist að mestu af veikingu krónunnar, nam 1.104 milljónum, samanborið við 202 milljóna króna hagnað á fyrsta ársfjórðungi 2011. Gjalddeyrisójöfnuður bankans er innan þeirra marka sem eftirlitsaðilar setja bankanum, en hann hefur farið minnkandi samfara fjárhagslegri endurskipulagningu á lánabókinni.
- Hreinar fjármunatekjur, sem eru að stærstum hluta gengishagnaður af hlutabréfum, námu 1.323 milljónum, samanborið við tap upp á 138 milljónir á fyrsta ársfjórðungi 2011.
- Aðrar rekstrartekjur, sem að megninu til samanstanda af leigutekjum og tekjum vegna þjónustusamninga námu 295 milljónum, samanborið við 359 milljónir á sama tímabili 2011.


KOSTNAÐUR

- Kostnaðarhlutfall bankans, reiknað sem hlutfall af heildarrekrarkostnaði yfir hreinum vaxta- og þóknatekjum, var 60,7% á fyrsta ársfjórðungi 2012, samanborið við 52,9% á sama tímabili 2011.
- Heildarrekrarkostnaður nam 6.547 milljónum á fyrsta ársfjórðungi 2012, samanborið við 5.170 milljónir yfir sama tímabil 2011. Hluta hækkunarinnar má skýra með samruna við Byr og tengdum kostnaði, sérstaklega sérfræðikostnaður og upplýsingatæknimál.
- Framlag í Tryggingasjóð innstæðueigenda lækkaði um 142 milljónir á milli ára, eða frá 467 milljónum á 1Q11 yfir í 325 milljónir á 1Q12, vegna lagabreytinga og þróunar á heildarinnlánum bankans.
- Laun og launatengd gjöld námu 3.285 milljónum á fjórðungnum, samanborið við 2.492 milljónir árið á undan. Aukningin er einkum fólgin í nýrri skattheimtu á fjármálafyrirtæki sem kynnt var 2012 og nemur 5,45% á heildarlaun.
- Meðalfjöldi stöðugilda var 1.404 á fyrsta ársfjórðungi, samanborið við 1.344 við árslok 2011.


SKATTAR

- Tekjuskattur á fyrsta ársfjórðungi 2012 var 1.452 milljónir, samanborið við 865 milljónir fyrir sama tímabil 2011. Skattheimta hefur aukist töluvert á undanfögnu ári, en tekjuskattsprósenta fyrirtækja var hækkuð úr 18% í 20%. Þar að auki þurfa fjármálafyrirtæki að borga aukalega 6% á hagnað yfir 1 milljarð króna.
- Virkt skatthlutfall á fyrsta ársfjórðungi 2012 var 27,4% í samanburði við 20,6% fyrir fyrsta ársfjórðung 2011.
- Bankaskattur, sem var innleiddur árið 2010 og reiknast sem 0,041% af heildarskuldum næstliðins árs, var 207 milljónir króna, samanborið við 55 milljónir króna fyrir 1Q11. Innfalið í þessu er tímabundinn skattheimta til að greiða uppbót á vaxtabætur, sem reiknast sem 0,0875% af heildarskuldum næstliðins árs.


REKSTRARKOSTNAÐUR
án viðskiptavildar
ISKm




KOSTNAÐARHLUTFALL
án einskisliða
%



MEÐAL STÖÐUGILDI




ÞRÓUN Á REKSTRARREIKNINGI FRÁ 1Q11 – 1Q12
ISKm




EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGNIR	ISKm	31.03.12	31.12.11
Handbært fé og innstæður í Sí	78.398	57.992	
Afleiðusamningar	205	339	
Skuldabréf og skuldageringar	55.579	58.662	
Hlutabréf og eiginfjárgæringar	12.736	11.107	
Útlán til fjármálafyrirtækja	46.461	43.655	
Útlán til viðskiptavina	537.847	564.394	
Fjárfestingar í hluteildarfélagum	917	1.070	
Varanlegir rekstrarfjármunir	5.530	5.276	
Óefnislegar eignir	580	544	
Tekjuskattsinnæign	2.049	2.629	
Fastafjármunir til sölu og aflgöð starfsemi	39.723	42.690	
Aðrar eignir	12.393	7.557	
Heildareignir	792.418	795.915	

HEILDAREIGNIR
ISKm




ÚTLÁN EFTIR GEIRUM



EIGNIR

- Heildareignir bankans námu 792.418 milljónum við lok fyrsta ársfjórðungs 2012, samanborið við 795.915 milljónir króna við árslok 2011.
- Lán til viðskiptavina námu 537.847 milljónum króna við lok fyrsta ársfjórðungs 2012, samanborið við 564.394 milljónir við árslok 2011. Inngreiðslur halda áfram að vera umfram nýjar lánveitingar sem er í takt við þá þróun fyrirtækja og heimila að minnka skuldsetningu.
- Gert er ráð fyrir að endurskipulagning stærstu fyrirtækjaútlána verði lokið við árslok 2012 og við árslok 2012 fyrir alla lánabókina.
- Skuldabréf og skuldageringar voru 55.579 milljónir, sem eru aðallega G5 ríkisskuldabréf. Hlutabréf og eiginfjárgæringar voru 12.736 milljónir, en þar má merkja aukningu þar sem hlutabréf eru færð til markaðsvirðis.
- Fastafjármunir til sölu var 39.723 milljónir við lok fyrsta ársfjórðungs 2012, samanborið við 42.690 milljónir við árslok 2011. Lækkunin er að hluta tilkomin vegna sölu á eignarhluta dótturfélags Íslandsbanka, Miðengis, í Jarðborunum.

VAXTAMUNUR
%



EFNAHAGSREIKNINGUR – frh.

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ	ISKm	31.03.12	31.12.11
Fjárskuldir		10.596	9.346
Afleiðusamningar		5.761	4.027
Innlán fjármálafyrirtækja og Sí		52.470	62.845
Innlán viðskiptavina		456.821	462.943
Lántaka		65.647	63.221
Víkjandi lán		23.303	21.937
Skattskuldir		2.706	2.670
Tekjuskattsskuldbinding		19	17
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi		6.482	7.317
Aðrar skuldir		39.193	37.889
Heildarskuldir		662.998	672.212
Eigið fé		129.420	123.703
Heildarskuldir og eigið fé		792.418	795.915


SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

- Heildarskuldir námu 662.998 milljónum króna við lok fyrsta ársfjórðungs 2012, samanborið við 672.212 milljónir króna við árslok 2011. Þessi lækkun er í takt við þróun á eignahlið efnahagsreikningsins. Innlána hlutfall hækkaði lítillega á tímabilinu, eða frá 86,5% við árslok 2011 í 87,2% við lok mars 2012.
- Bankinn er með víkjandi lántöku að upphæð 23.303 milljónir króna, sem er Tier II ríkisskuldabréf að upphæð 138 milljónir evra sem fylgdi samkomulagi við Glitnis og Íslenska ríkið í september 2009.
- Við lok mars var eigið fé bankans 129.420 milljónir, samanborið við 123.703 milljónir við árslok 2011, sem er hækkun um 5%.
- Eiginfjárlutfall A var 19,7%, samanborið við 19,1% við árslok 2011. Eiginfjárlutfall B var 23,3%, samanborið við 22,6% við árslok 2011, sem er vel yfir það 16% lágmark sem FME hefur sett bankanum.


FJÁRMÖGNUN OG LAUSAFJÁRSTAÐA

- Bankinn hefur að mestu verið fjármagnaður með innlánum frá stofnun hans árið 2008. Hlutfall heildarinnlána á móti heildarútlánum var 87,2% við lok mars, en hlutfall innlána viðskiptavina á móti útlánum til viðskiptavina var 84,9%.
- Lausafjárstaða bankans er sterk og eru lausafjárlutföll bankans vel umfram kröfur eftirlitsaðila.
- Íslandsbanki var fyrsti bankinn til að gefa út sértryggð skuldabréf í NASDAQ OMX kauphöllinni á Íslandi eftir hrun. Þar með var stigið mikilvægt skref í að auka breidd í fjármögnun bankans. en innlán hafa verið undirstaða fjármögnunar hans frá stofnun í október 2008. Íslandsbanki hefur sett upp 100 milljarða króna útgáfuramma fyrir sértryggð skuldabréf og stefnir á að gefa út slík bréf fyrir um 10 milljarða króna árlega. Mikil eftirspurn var eftir bréfunum sem voru seld til breiðs hóps fagfjárfesta. Á nýju ári var tveimur nýjum flokkum sértryggðra skuldabréfa bætt við og nemur heildarstærð útgáfu sértryggðra skuldabréfa nú 8,8 milljörðum króna.
- Bankinn er ekki háður fjármögnun í erlendum gjaldmiðlum og hefur ekki þörf fyrir slíka fjármögnun til skemmri tíma. Bankinn hefur engu að síður kannað þá möguleika sem honum stendur til boða í þeim efnunum og mun nýta þau tækifæri sem gefast til að fjármagna stækkun á lánabókinni ef til þeirra kemur.

INNLÁN - MÓÐURFÉLAG
ISKbn



EIGINFJÁRLUTFALL
%



FJÁRHAGSDAGATAL

Stefnt er að birtingu árshluta- og ársuppgjörs á neðangreindum dagsetningum.

- 1Q2012 – 30. maí 2012
- 2Q2012 – 30. ágúst 2012
- 3Q2012 – 29. nóvember 2012
- 4Q2012 – 7. mars 2013
- Aðalfundur – Apríl 2013

Dagsetningarnar eru þó birtar með fyrirvara um breytingar.